

Reykjavík 2. des. 2005

Til umræðu innan skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara. Umsögn skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara um þingskjal 15 – 15 mál, 132. löggjafarþings 2005-2006.

Skólamálanefndin tekur undir meginefni þingsályktunartillögunnar þ.e. **um átak til að efla starfsnám í framhaldsskólum, um stofnun nýrra, styttri starfsnámsbrauta og um stofnun fjöltækninámsbrauta innan tiltekinna fjölbrautaskóla.**

Í þessu sambandi minnir skólamálanefndin á eftirfarandi úr skólastefnu FF sem samþykkt var á 3. aðalfundi félagsins í febrúar 2005:

- Í framhaldsskólum skulu allir hafa jafnan rétt og fá kennslu við hæfi. Nemendum þarf að standa til boða fjölbreytt verklegt nám, bóklegt nám og listnám. Öllu námi skal gert jafnhátt undir höfði.
- Nám tengsl skóla, atvinnulífs, vísinda og lista eru nauðsynleg. Mikilvægt er að skólinn fylgist vel með breytingum á starfsháttum í þjóðfélaginu og sé tilbúinn til að taka leiðandi þátt í þeim.
- Nám á starfsmenntabrautum verður að skipuleggja með þeim hætti að nemendur sem hafa lokið því geti hindrunarlaust sótt aukna, almenna menntun í framhaldsskólana.
- Áhersla er lögð á að öllu námi á framhaldsskólastigi ljúki með prófi sem veitir möguleika á áframhaldandi námi/eða með tilteknum starfsréttindum.
- Starfsgreinaráð móta starfsnám. Ótækt er að hvorki í lögum né reglugerð um starfsgreinaráð er kveðið á um að fagfólk á sviði kennslugagna- og námskráargerðar, eða kennslu komi nærri mótun námsins. Eins eru góð tengsl fagfélaga og starfsgreinaráða nauðsynleg.

Skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara vill benda á eftirfarandi atriði varðandi stöðu starfsnámsins í framhaldsskólum.

Í nýrri skólastefnu fyrir framhaldsskóla árið 1998 var lögð áhersla á fjölgun stuttra námsbrauta til að koma til móts við þarfir atvinnulífsins og margbreytilegri nemendahóp. Lítið hefur orðið úr þessari framkvæmd. Um sex árum eftir að núverandi aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla kom út vantar enn námskrár fyrir fjölmargar starfsnámsbrautir og nýja/endurskoðaða námskrá fyrir nám til iðnmeistaraprófs.

Skólamálanefndin lýsir áhyggjum sínum af veikri stöðu starfsnámsins í framhaldsskólum og almennt í samfélaginu miðað við bóklegt nám. Hefur Félag framhaldsskólakennara margsinnis látið þessa skoðun í ljósi gagnvart yfirvöldum menntamála. Þessi veika staða kemur fram í samdrætti í námsframboði í starfsnámi í framhaldsskólum og minnkandi aðsókn nemenda. Einnig sýna rannsóknir að brottfall er meira úr starfsnámi en bóklegu námi sem sýnir ljóslega þörfina fyrir fjölbreyttara námsframboð en nú er í framhaldsskólum. Viðvarandi fjárhagsvandi skólanna,

hallrekstur og árlegt vanmat á nemendatölum og fjárförf þeirra eru m.a. skýringarnar á veikri stöðu starfsnámsins, auk almennra viðhorfa í samfélaginu til þess.

Skólamálanefndin bendir einnig á það óviðunandi fyrirkomulag sem er á skipun starfsgreinaráða, að hvorki í lögum né reglugerð um þau, er kveðið á um að fagfólk á sviði kennslugagna- og námskrárgerðar, eða kennslu skuli eiga þar sæti.

Skólamálanefndin hvetur til að umræddur starfshópur verði stofnaður og hann leggi fram skuldbindandi tillögur um að efla starfsnám í framhaldsskólum. Skólamálanefndin er í samráði við stjórn FF, tilbúin til að tilnefna fólk í þennan starfshóp.

## **Tillaga til þingsályktunar**

um nýskipan í starfs- og fjöltækninámi.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, Mördur Árnason,

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir,

Össur Skarphéðinsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa í starfshóp fulltrúa þingflokka, atvinnulífsins og skólasamfélagsins sem vinni tillögur um átak til að efla starfsnám í framhaldsskólum, um stofnun nýrra, styttri starfsnámsbrauta og um stofnun fjöltækninámsbrauta innan tiltekinna fjölbrautaskóla.